

Janúar 2021



Fjármögnunarlíkan heilsugæslu á landsbyggðinni

Útgáfa 2021



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Janúar 2021

postur@hrn.is

stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

Mynd á forsíðu: Sveinn Magnússon

©2021 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-00-1

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Lýsing fjármögnunarlíkans	6
1.1 Fast fjármagn	7
1.1.1 Kostnaðarvísitala	7
1.1.2 Þarfavísitala.....	7
1.1.3 Félagsþarfavísitala	8
1.1.4 Smæðar- og vaktarálag.....	8
1.1.5 Rekstrarálag.....	9
1.1.6 Slys- og bráðamóttökuálag.....	9
1.1.7 Greiðslur samkvæmt öðrum dreifireglum	9
1.2 Breytilegt fjármagn	11
1.2.1 Heilsueflandi móttökur	11
1.2.2 Heimaþjónusta.....	11
1.2.3 Hlutdeild veittrar þjónustu.....	12
1.2.4 Heilsuvera.....	13
1.2.5 Náms- og starfsþjálfun	13
1.2.6 Staðlað gæðamat þjónustu.....	14
1.2.7 Þjónusta við sjúklinga sem skráðir eru á aðra stöð.....	16
1.3 Fjármögnun sameiginlegs rekstrar	17
2. Fylgiskjöl	18
2.1 Skipting fjárhæða í heilsugæsluþjónustu.....	18
2.2 Kostnaðarvísitala	19
2.3 Útreikningar á þarfavísitölu, áhersluþætti og gæðaviðmiðum	20
2.3.1 Þyngdarstuðull og þarfavísitala.....	21

2.3.2	Gæðaviðmið og áhersluþáttur.....	22
2.4	Úrvinnsla gagna vegna félagsþarfavísitölu.....	26
2.5	Heilsueflandi móttökur.....	27
2.6	Skráning sjúkdómsgreininga í sjúkraskrá: Leiðbeiningar í tengslum við fjármögnunarkerfi heilsugæslu.....	28
2.6.1	Samantekt úr lögum, reglugerðum og fyrirmælum varðandi sjúkraskrá.....	28
2.6.2	Hvaða sjúkdómsgreiningar skal skrá?.....	28
2.6.3	Hagnýt atriði.....	28
2.7	Staðfangaskrá landsbyggðar.....	29

Inngangur

Í fjármögnunarkerfi og kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæslu á landsbyggðinni eru gerðar skýrar og samræmdar kröfur til þjónustuveitenda og þannig leitast við að gæta jafnræðis milli rekstraraðila og notenda. Tilgangur kerfisins er að auka gæði og skilvirkni með það að markmiði að grunnheilbrigðisþjónusta sé í meira mæli veitt á heilsugæslustöðvum.

Í fjármögnunarkerfinu er stuðst við aðferðafræði sem er m.a. notuð í Vestra Gautalandi í Svíþjóð og hefur verið löguð að íslenskum aðstæðum. Í ársbyrjun 2017 var samskonar líkan tekið til notkunar á höfuðborgarsvæðinu. Aðferðafræðin byggist á því að fjármagn til rekstrar hveðrar heilsugæslustöðvar endurspeglir þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Allir sjúkratryggðir íbúar landsins eru skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni nema þeir óski sérstaklega eftir að vera ekki skráðir. Þeir sjúkratryggðir einstaklingar sem ekki eru skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni eru settir á heilsugæslustöð samkvæmt staðfangaskrá.¹

Einstaklingar hafa aðgang að eigin skráningu á heilsugæslustöðvar í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands og sjúklingakerfinu Heilsuveru. Þar geta þeir breytt skráningu sinni en fjöldi skráðra einstaklinga hefur bein áhrif á fjármögnun heilsugæslustöðva samkvæmt því líkani sem lýst er hér í lýsingunni. Staða skráningar í lok hvers mánaðar gildir til útreiknings í þeim mánuði.

Í útgáfu fjármagnslíkans fyrir heilsugæslu á landsbyggðinni eru gerðar nokkrar viðbætur og breytingar frá útgáfu líkans fyrir höfuðborgarsvæðið. Bætt hefur verið við þáttum sem snúa að smæð einstakra heilsugæslustöðva og fjarlægðar á milli rekstrarstöðva sem heyra undir sömu heilsugæslu, álagi vegna vaktþjónustu og slysa- og bráðamóttöku. Greiðslur fyrir vitjanir lækna, ungbarnavernd og aðrar vitjanir eru sömuleiðis innan líkans í kerfinu. Líkt og í fjármagnslíkani heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu er húsaleiga utan líkans og sömuleiðis eru sjúkraflutningar, geðheilsuteymi, heimahjúkrun og einstaka þjónustusamningar sem heyra undir heilsugæslustarfsemi heilbrigðisstofnananna utan líkans.

Á árinu 2019 skipaði ráðherra vinnuhóp um umbætur á fjármögnunarlíkani um rekstur heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í nóvember 2019 með tillögum sem annars vegar myndu koma til breytinga í ársbyrjun 2020 og hins vegar í ársbyrjun 2021. Vinnuhópurinn lagði til að áfram yrði unnið að tillögum til ráðherra um umbætur á gæðaviðmiðum og átaksverkefnum fjármögnunarlíkansins á árinu 2020 en vegna aðstæðna varð ekki úr því. Stefnt er að því að ráðast í þau verkefni á árinu 2021.

Nýtt átaksverkefni **Heilsueflandi móttökur**, í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030, er hluti af lýsingu fjármögnunarlíkansins ársins 2021 og eru 73,5 m.kr. varið í átaksverkefnið árinu. Þá hafa **skimanir fyrir leghálskrabbameini** færst frá Krabbameinsfélagi Íslands til heilsugæslunnar og er hluti kostnaðar við verkefnið innan reiknilíkansins.

¹ Sjá fylgiskjal 2.7

Lýsing fjármögnunarlíkans

Fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu á landsbyggðinni er byggt á höfðatöluforskrift. Heildarfjárheimildum til málaflokksins er m.a. úthlutað samkvæmt áætluðu þjónustumagni á hvern einstakling út frá einkennum hans. Þetta er einkum gert á tvennan hátt:

- Með **kostnaðarvísitölu** út frá aldri og kyni.
- Með **þarfavísitölu** sem byggist á sjúkdómsbyrði einstaklinga.

Auk þessa tekur kerfið tillit til lýðfræðilegra aðstæðna meðal einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslustöð. Sjö mismunandi breytur mynda **félagsþarfavísitölu** sem hefur áhrif á greiðslur til heilsugæslustöðva þar sem vísitalan mælist hæst.

Greitt er samkvæmt öðrum dreifireglum fyrir **skólahjúkrun, túlkabjónustu, sálfræðibjónustu** og útgáfu **hreyfiseðla**. Þá er sérstaklega tekið tillit smæðar einstaka heilsugæslustöðva, vaktþjónustu, slysa- og bráðamóttöku og aukins álags vegna reksturs fámennra heilsugæsluselja.

Í fjármögnunarkerfinu er reiknuð **hlutdeild** veittrar þjónustu heilsugæslustöðva af þeirri þjónustu sem skilgreind er sem grunnheilbrigðisþjónusta. Sinni stöðin samlagi sínu í meira mæli en aðrir veitendur grunnþjónustu er greitt álag samkvæmt þeim þætti.

Lögð er áhersla á að heilsugæslustöðvar nýti **sjúklingakerfið Heilsuveru** til tímapantana, lyfjaendurnýjana og til að taka á móti fyrirspurnum frá sjúklingum. Á árinu 2021 er veitt sérstöku fjármagni til að efla þessa notkun. Síðar verður fjármagninu veitt til annarra **áhersluþátta**.

Lögð verður áhersla á 9 viðmið sem snúa að gæðum þjónustunnar. Eitt þeirra felst í að fara einu sinni á ári **yfir lyf** þeirra sem eru 60 ára og eldri og fá stöðvarnar sérstaklega greitt fyrir hverja yfirferð. Hin 8 **gæðaviðmiðin** snúa að skráningum, mælingum og verklagi sem gerðar verða kröfur um að heilsugæslustöðvar standist. Sæki sjúkratryggður einstaklingur þjónustu á heilsugæslustöð án þess að vera skráður á hana samkvæmt tölvukerfi Sjúkratrygginga Íslands er greitt sérstaklega fyrir það.

Heildarfjármagni til heilsugæsluþjónustu á landsbyggðinni er skipt á milli heilsugæslustöðva eftir þáttum sem skýrðir eru nánar í næstu köflum.² Hlutfallslega skiptingu fjármagns eftir greiðsluþætti má sjá í fylgiskjali 1, en rúmlega 90% fjármagns verður skipt samkvæmt einkennum skráðra einstaklinga, öðrum dreifireglum og sérstöku smæðar- og rekstrarálagi. Um er að ræða fasta heildarfjárhæð á mánuði sem skiptist samkvæmt fjölda skráðra einstaklinga. Aðrir þættir eru breytilegir og nema tæplega 10% af heildarfjármagni og geta sveiflast milli mánaða.³

² Á árinu 2021 er 9.300,2 m.kr. dreift innan fjármögnunarlíkansins. Húsaleiga, sjúkraflutningar, geðheilsuteymi, heimahjúkrun og ýmsir þjónustusamningar er utan líkans en sértekjum er dreift innan líkans og eru áætlaðar 661,8 m.kr. árið 2021.

³ Í fylgiskjali 2.1 má finna hlutfallslega skiptingu fjárhæða sem ætlaðar eru í heilsugæsluþjónustu á landsbyggðinni á árinu 2021.

1.1 Fast fjármagn

Fast fjármagn til rekstrar heilsugæslustöðva nemur um 91% af heildarfjármagni til heilsugæsluþjónustu á landsbyggðinni á árinu 2021. Fjármagninu er skipt eftir fjölda og einkennum einstaklinga sem skráðir eru á stöðina, þ.e. aldri og kyni, og mældri sjúkdómsbyrði. Félagsþarfavísitala er metin en þær stöðvar sem mælast með gildi umfram efsta gildi fyrsta fjórðungs fá greitt samkvæmt henni. Einnig er fjármagni skipt eftir fjölda skólabarna í skólum sem stöðin sinnir, áætlaðri þörf fyrir túlkþjónustu og áætlaðri þörf fyrir sálfræðiþjónustu samkvæmt kröfulýsingu

1.1.1 Kostnaðarvísitala

Kostnaðarvísitala byggist annars vegar á kostnaðarvog sem skilgreinir mismunandi upphæð fyrir komur á stöðvar og vitjun fyrir hvern aldurshóp og kyn og hins vegar fjölda samskipta við starfsmenn heilsugæslustöðva.⁴

Kostnaðarvísitala heilsugæslustöðvar ræðst af fjölda einstaklinga sem skráðir eru á hverja stöð, kyni þeirra og aldri en meðaleinstaklingur fær þyngdina 1. Heilsugæslustöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga yfir 65 ára aldri og ungbörn fá gildi hærra en 1. Þær sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga á miðjum aldri fá gildi lægra en 1.⁵ Fjármagni er skipt hlutfallslega á milli stöðva eftir kostnaðarvísitölu vegnum fjölda.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 33,2%.

1.1.2 Þarfavísitala

Þessi þáttur endurspeglar áætlað umfang þjónustu sem rekja má til sjúkdómsbyrði skráðra einstaklinga. Sjúkdómsgreiningar einstaklinga eru skráðar með ICD-10 kóða í samskiptaskrá heilsugæslustöðva sem haldið er utan um hjá embætti landlæknis. Út frá mismunandi samsetningu sjúkdómsgreininga eru einstaklingar svo eru flokkaðir í ACG-flokka (e. Adjusted Clinical Groups).

ACG-þyngd heilsugæslustöðvar ræðst af skráðum sjúkdómsgreiningum einstaklinga stöðvarinnar en meðaleinstaklingur fær þyngdina 1. Skráning sjúkdómsgreiningar hefur áhrif á greiðslur í 15 mánuði.⁶ Fjármagni er skipt hlutfallslega á milli stöðva eftir þarfavísitölu vegnum fjölda.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 33,2%

⁴ Unnið úr samskiptaskrá heilsugæslustöðva sem haldið er utan um hjá embætti landlæknis.

⁵ Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.2

⁶ Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.3

1.1.3 Félagsþarfavísitala

Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli lýðfræðilegra aðstæðna og notkunar heilbrigðisþjónustu. Reiknuð er félagsþarfavísitala fyrir hverja heilsugæslustöð, byggð á lýðfræðilegum einkennum einstaklinga sem skráðir eru á stöðina. Sjö lýðfræðilegar breytur eru notaðar.⁷

Breyta	Vigt
Hlutfall eldri en 65 ára sem búa einir	6,15
Hlutfall barna undir fimm ára	3,23
Hlutfall nýrra íbúa á síðasta ári	4,19
Hlutfall örorkulífeyrisþega	6,15
Hlutfall atvinnulausra	5,13
Hlutfall einstæðra foreldra	4,19
Hlutfall einstaklinga sem fæddir eru erlendis	5,72

Fjöldi skráðra einstaklinga, sem fellur undir hverja lýðfræðilega breytu, er margfaldaður með vigt hennar. Margfeldi allra breytanna er lögð saman og deilt í útkomuna með fjölda skráðra einstaklinga til að fá félagsþarfavísitölu stöðvarinnar. Greiddar eru 179,5 kr. á mánuði fyrir hvert stig félagsþarfavísitölu umfram efsta gildi fyrsta fjórðungs og það margfaldað með kostnaðar- og þarfavísitölu vegnum fjölda einstaklinga. Stöðvar með lægri félagsþarfavísitölu fá ekki greitt samkvæmt þessum þætti.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,8%.

1.1.4 Smæðar- og vaktarálag

Greitt er sérstakt **smæðarálag** til fámennra heilsugæslustöðva og er veginn fjöldi stöðvanna uppreiknaður á þrennan hátt:

- Þær stöðvar sem eru með veginn fjölda skjólstæðinga lægri en 1.200 eru hækkaðar í 1.200.
- Þær stöðvar sem eru með veginn fjölda skjólstæðinga á bilinu 1.200 til 1.600 eru hækkaðar í 1.600.
- Þær stöðvar sem eru með veginn fjölda skjólstæðinga á bilinu 1.600 til 2.200 eru hækkaðar í 2.200.

⁷ Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.4

Vaktarálag greiðist síðan til þeirra heilsugæslustöðva sem eru með aukið álag vegna viðbótarþjónustu á sínu vaktsvæði.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 12,9%.

1.1.5 Rekstrarálag

Greitt er sérstakt **rekstrarálag** til þeirra heilsugæslustöðva sem eru með fleiri starfsstöðvar í sinni starfsemi en eina (þ.e. heilsugæslusel). Greiðslan er miðuð við fjölda skjólstæðinga á heilsugæsluseli og við sérstaka vísitölu sem tekur mið af fjarlægð og áætluðum ferðatíma á milli heilsugæslustöðvar og heilsugæslusels.

Útreikningur rekstrarálags tekur auk þess mið af hlutdeild veittrar þjónustu heilsugæsluselja:

- 100% rekstrarálag ef hlutdeild veittrar þjónustu er 50% eða hærra
- 50% rekstrarálag ef hlutdeild veittrar þjónustu er á bilinu 25-50%
- 0% rekstrarálag ef hlutdeild veittrar þjónustu er lægra en 25%

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 1,4%.

1.1.6 Slysa- og bráðamóttökuálag

Greitt er sérstakt álag vegna slysa- og bráðamóttöku fyrir þær heilsugæslustöðvar sem ekki eru með sjúkrahússtarfsemi samhliða heilsugæslunni, eða í næsta nágrenni, sinnir slysa- og bráðamóttöku á svæðinu. Miðað er við að fjöldi koma á slysa- og bráðamóttöku í mánuði sé 3% af fjölda skráðra og kostnaður við hverja komu sé að jafnaði 21.600 kr.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 3,5%.

1.1.7 Greiðslur samkvæmt öðrum dreifireglum

Skólahjúkrun

Greitt er fyrir skólahjúkrun í grunnskólum miðað við fjölda skólabarna í þeim skóla/-um sem heilsugæslustöð sinnir í upphafi skólaárs. Greiddar eru 17.850 kr. fyrir hvert skólabarn í þéttbýliskjarna og hækkar greiðslan fyrir hvert barn í dreifbýli að teknu tilliti til fjarlægðar frá þeirri heilsugæslustöð sem sinnir þjónustunni. Miðað er við að eitt stöðugildi skólahjúkrunarfræðings sinni um 650 nemendum í þéttbýliskjarna.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 3,5%.

Túlkabjónusta

Greiðslur vegna túlkabjónustu byggjast á áætlaðri þörf fyrir þessa bjónustu. Áætlunin tekur annars vegar mið af fjölda erlendra aðila⁸ sem skráðir eða settir eru á heilsugæslustöð og fjölda nýrra íbúa á Íslandi. Árið 2021 er 31,2 m.kr. úthlutað vegna þessarar þáttar.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,3%.

Sálfræðipjónusta

Í kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæslupjónustu er gerð krafa um að veitt verði hugræn atferlismeðferð og/eða önnur gagnreynd sálfræðimeðferð við kvíða- og lyndisröskunum. Fjármagn að upphæð 180 m.kr. er ætlað til þessa árið 2021 og er því skipt eftir fjölda einstaklinga sem skráðir eru á hverri stöð. Miðað er við að eitt stöðugildi sálfræðings sinni 9 þúsund skráðum skjólstæðingum.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 1,9%.

Hreyfiseðlar

Lögð er áhersla á að auka útgáfu hreyfiseðla sem meðferðarúrræði fyrir sjúklinga í ákveðnum áhættuhópum og eftir atvikum skoðun og ráðgjöf sjúkráðgjafara vegna stoðkerfisvanda. Við útgáfu hreyfiseðils fer sjúklingur í einnar klukkustundar viðtal hjá hreyfistjóra og viðtalinu er síðan fylgt eftir með rafrænum samskiptum sjúklings og hreyfistjóra. Fjármagn fyrir þennan þátt nemur 32 m.kr. og skiptist hlutfallslega á milli stöðvanna eftir fjölda skráninga.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg

Hlutfall fjármagns: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,3%.

Leghálsskimanir

Skimanir fyrir krabbameini í leghálsi hafa færst frá Krabbameinsfélagi Íslands til heilsugæslunnar og er lögð áhersla á að auka fjölda kvenna sem mæta í skimun á hverju ári. Konum á aldrinum 23 til 29 ára er boðið í hefðbundna frumuskoðun á 3 ára fresti og konum á aldrinum 30 til 65 ára er

⁸ Einstaklingar sem eru frá Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku eru undanskildir.

boðið í HPV mælingu á 5 ára fresti. Fjármagn er 21 m.kr. og taka greiðslur mið af fjölda kvenna í viðmiðunarhóp á heilsugæslustöð. Kostnaður vegna rannsókna sýna er utan líkans.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg

Hlutfall fjármagns: Áætlað hlutfall fjármagns er 0,2%.

1.2 Breytilegt fjármagn

1.2.1 Heilsueflandi móttökur

Í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er nýtt átaksverkefni sem snýr að heilsuvernd og heilsueflingu eldra fólks og einstaklinga með fjölþættan og/eða langvinnan heilsuvanda tengdan lifnaðarháttum hluti af lýsingu fjármögnunarlíkansins. Markmiðið er að veita ákveðnum markhópum heilðræna, framsækna og þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Auk þess að styðja og styrkja eldra fólk til sjálfshjálpar og auðvelda aðgengi, samþættingu og samfellu viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Markhóparnir eru:

- Aldraðir einstaklingar og fjölskyldur þeirra.
- Einstaklingar með/eða í áhættu á að fá fjölþættan og/eða langvinnan heilsuvanda tengdan lifnaðarháttum.

Fjármagn í verkefnið er 73,5 m.kr. og er dreift hlutfallslega eftir fjölda einstaklinga í viðmiðunarhópum. Árið 2022 mun dreifing fjármagns vegna átaksverkefnisins taka meira mið af mældum þjónustuþáttum.

Viðmiðunarhópar:

- Einstaklingar 75 ára og eldri.
- Einstaklingar með sykursýki 2, háþrýstisjúkdóma, blóðþurrðarhjarta sjúkdóma, lungnateppu og offitu.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarlega

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 0,8%.

1.2.2 Heimþjónusta

Í fjármögnunarlíkaninu er greitt fyrir heilbrigðisþjónustu við einstaklinga í heimahúsum ólíkt fjármögnunarlíkani heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Talinn er fjöldi vitjana í ungbarnavernd, læknavitjanir og aðrar vitjanir. Greitt er fast meðalgjald fyrir hverja vitjun auk sérstaks álags vegna fjarlægðar frá heilsugæslunni sem veitir þjónustuna og heimili skjólstæðings.

Heimahjúkrun

Upplýsingar um fjöldataölur fyrir heimahjúkrun eru enn sem komið er eingöngu aðgengilegar úr afgreiðslukerfum heilbrigðisstofnana og unnið er að því að þróa viðmót í Sögu kerfinu fyrir heimahjúkrun og er áætlað að það verði tilbúið og komið í fulla notkun á vormánuðum 2021. Þangað til að unnt verður að sækja upplýsingar um heimahjúkrun úr Sögu er ekki mögulegt að tengja þjónustuna við lögheimili notenda og reikna við þær álag vegna fjarlægðar. Þar af leiðandi er fjárveiting fyrir heimahjúkrun utan líkans á árinu 2021 og er stefnt að því að hún verði innan fjármögnunarlíkansins frá og með ársbyrjun 2022.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Á ekki við.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 0%.

Aðrar vitjanir

Gögn um fjölda annarra vitjana eru fengnar úr Sögukerfinu og er greitt fast meðalgjald fyrir vitjun auk sérstaks álags vegna fjarlægðar á milli heilsugæslustöðvar og lögheimili notenda. Ef lögheimil notenda er fyrir utan þjónustusvæði heilsugæslunnar sem veitti þjónustuna er greitt fast fjarlægðarálag 10% fyrir hverja vitjun.⁹

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 0,6%.

1.2.3 Hlutdeild veittrar þjónustu

Stefnt er að því að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Markmiðið er að sú heilsugæslustöð sem einstaklingurinn er skráður á sé jafnan fyrsti viðkomustaður hans og sinni sem stærstum hluta af grunnheilbrigðisþjónustunni.

Greidd er umbun fyrir ákveðið hlutfall koma á heilsugæslustöð af skilgreindri grunnheilbrigðisþjónustu, þ.e. ákveðin krónutala fyrir hvert prósentustig umfram 50% upp að 90% hlutdeild. Skilgreind grunnheilbrigðisþjónusta eru komur í eftirtalin úrræði:

- á heilsugæslustöðvar, til sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna og á Læknavaktina í Reykjavík,
- til barnalækna,
- til geðlækna,
- til hjartalækna.

Greiddar er 6,1 kr. á hvert prósentustig umfram 50% hlutdeild en að hámarki 90% fyrir kostnaðarveginn fjölda á stöðinni í hverjum mánuði. Hlutdeild veittrar þjónustu er fundið þannig að talinn er fjöldi koma skráðra skjólstæðinga á heilsugæslustöð og deilt með fjölda koma samtals.

⁹ Kostnaðarmat á öðrum vitjunum er í vinnslu. Í drögum er miðað við 10.000 kr. grunnjald fyrir vitjun læknis, 7.500 kr. í grunnjald fyrir ungbarnavernd og 5.750 kr. fyrir aðrar vitjanir.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er 3,5%.

Hlutdeild veittrar þjónustu

Fjöldi koma skráðra á heilsugæslustöð

Fjöldi koma á aðrar stöðvar á landsbyggðinni

Fjöldi koma á aðrar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Fjöldi koma til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna

Fjöldi koma á Læknavaktina í Reykjavík

Fjöldi koma samtals

1.2.4 Heilsuvera

Greiðslur vegna sjúklingakerfisins Heilsuveru eru reiknaðar þannig að talinn er fjöldi tímabókana, lyfjaendurnýjana og samskipta í hverjum mánuði og dreifist fjármagnið hlutfallslega miðað við það.¹⁰

- Þriðjungur af fjármagni liðarins á mánaðargrundvelli er miðaður við fjölda tímabókana.
- Þriðjungur er miðaður við fjölda lyfjaendurnýjana.
- Þriðjungur er miðaður við fjölda samskipta.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,5%.

1.2.5 Náms- og starfsþjálfun

Gert er ráð fyrir áætluðum kostnaði heilsugæslustöðva vegna náms- og starfsþjálfunar nema. Í núverandi lýsingu nemur fjárveiting vegna þessa 52,5 m.kr. Miðað er við áætlaðan fjölda viðtala á hvern nema á dag sem reiknað er til eininga. Greitt er 10.200 fyrir hverja viðtalseiningu. Miðað er við eftirtalda nema:

- 2. árs læknisfræðinema (2 viðtöl á dag).
- 6. árs læknisfræðinema (4 viðtöl á dag).
- Kandídatsnema (1 viðtal á dag).

¹⁰ Sjá frekari lýsingu í fylgiskjali 2.3.

- 3. árs hjúkrunarfræðinema (1 viðtal á dag).
- 4. árs hjúkrunarfræðinema (1 viðtal á dag).
- Sálfræðinema (1 viðtal á dag).
- 1. árs nema í ljósmæðrun (1 viðtal á dag).
- 2. árs nema í ljósmæðrun (4 viðtöl á dag).

Tíðni greiðsluuppfærslu: Hálfársleg.

Hlutfall fjármagns: Áætlað hlutfall fjármagns er 0,6%

1.2.6 Staðlað gæðamat þjónustu

Yfirferð lyfjalista

Lögð er áhersla á umsjá með lyfjanotkun og farið er einu sinni á ári yfir lyfjalista einstaklinga 60 ára og eldri. Skoðað verður hvort farið hafi verið yfir lyfjalista, lyfjaávisanir endurmetnar og listarnir prentaðir út og afhentir **sjúklingi** á staðnum. Greiddar eru 10.200 kr. fyrir hverja yfirferð, þó ekki oftast en einu sinni á ári fyrir hvern einstakling. Yfirferð lyfjalista skal fara fram í viðtali við lækni á heilsugæslustöð viðkomandi sjúklings.

Greiðslur: Talinn er uppsafnaður fjöldi yfirfarinna lyfjalista síðastliðna 12 mánuði og greitt 10.200 á ári fyrir hvern seðil.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,2%.

Hópar: Allir einstaklingar 60 ára og eldri.

Önnur gæðaviðmið

1. **Ávísun sýklalyfja til kvenna. Hlutfall Kínólona af sýklalyfjum sem almennt er ávísað vegna þvagfærasýkinga verði undir 10% ávísana. Notkun Ciprofloxacin verði minnkuð.**

Viðmið: Undir 10% ávísana.

Greiðslur: 100% fjármögnun fyrir 10% hlutfall og lægra.

Hópar: Konur 18 ára og eldri.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

2. **Skráðar inflúensubólusetningar þeirra sem tilheyra ákveðnum áhættuhópum.**

Viðmið: Áhættuhópar bólusettir gegn inflúensu á a.m.k. 15 mánaða fresti.

Greiðslur: Vaxandi í tveimur þrepum; 50% fjármögnun fyrir 40-50% hlutfall skráninga og 100% fjármögnun fyrir yfir 50% hlutfall.

Hópar: 60 ára og eldri ásamt sjúklingum með astma, COPD, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta eða sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

3. Blóðþrýstingur skráður hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Viðmið: Blóðþrýstingur skráður á a.m.k. 15 mánaða fresti hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Greiðslur: Vaxandi í þremur stigum; 50% fjármögnun fyrir 40-60% skráningu, 75% fjármögnun fyrir 60-75% skráningu og 100% fjármögnun fyrir yfir 75% skráningu.

Hópar: Sjúklingar með COPD, háþrýsting, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta eða sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

4. Reykingar skráðar hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Viðmið: Reykingar skráðar á a.m.k. 15 mánaða fresti hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Greiðslur: Vaxandi í þremur stigum; 50% fjármögnun fyrir 40-60% skráningu, 75% fyrir 60-75% skráningu og 100% fyrir yfir 75% skráningu.

Hópar: Sjúklingar með COPD, háþrýsting, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta og sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

5. BMI-stuðull skráður hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Viðmið: BMI-stuðull skráður á a.m.k. 15 mánaða fresti hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum.

Greiðslur: Vaxandi í þremur stigum; 50% fyrir 40-60% skráningu, 75% fyrir yfir 60-75% skráningu og 100% fyrir yfir 75% skráningu.

Hópar: Sjúklingar með COPD, háþrýsting, blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta eða sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

6. HbA1c skráð hjá sykursjúkum.¹¹

Viðmið: HbA1c mælt og skráð á a.m.k. 15 mánaða fresti hjá einstaklingum með sykursýki.

Greiðslur: Vaxandi í þremur stigum; 50% fyrir 40-60% skráningu, 75% fyrir yfir 60-75% skráningu og 100% fyrir yfir 75% skráningu.

Hópar: Sjúklingar með sykursýki.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

¹¹ Þetta gæðaviðmið er óvirkt og verður fjármagni því tengt dreift eftir fjölda skráninga á heilsugæslustöð á meðan svo er.

7. Spirometriur framkvæmdar á heilsugæslustöð.

Viðmið: Spirometria framkvæmd á að minnsta kosti þriggja ára fresti.

Greiðslur: Fjármagni dreift hlutfallslega á milli stöðva eftir fjölda mælinga.¹²

Hópar: Allir sem eru með undirliggjandi áhættuþætti. Til að mynda nú- eða fyrrverandi reykingafólk (F17) og einstaklingar með COPD, astma og önnur einkenni sem benda til langvinnis lungnasjúkdóms.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

8. Bólusetningar barna.

Viðmið: Efla og viðhalda góðri bólusetningastöðu barna í heilsuvernd.

Greiðslur: Full greiðsla fyrir 95% hlutfall og yfir.

Nánari afmörkun:

- 12 mánaða bólusetning. Þrjár skammtar af bólusetningu gegn kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
- 18 mánaða bólusetning. Einn skammtur af bólusetningum gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO).
- 4 ára bólusetning. Einn skammtur af bólusetningu gegn barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix) eftir þriggja ára afmælisdaginn.
- Hópar:
 - 12 mánaða: Fæðingaárgangur sem verður 2 ára á árinu (árgangur 2019).
 - 18 mánaða: Fæðingaárgangur sem verður 3 ára á árinu (árgangur 2018).
 - 4 ára. Fæðingarárgangur sem verður 5 ára á árinu (árgangur 2016).

Tíðni greiðsluuppfærslu: Árleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns til annara gæðaviðmiða er um 1,8%.

1.2.7 Þjónusta við sjúklinga sem skráðir eru á aðra stöð

Fjármögnunarkerfið gerir ráð fyrir að grunnþjónustu við sjúklinga í samlagi heilsugæslustöðvar sé sinnt á heilsugæslustöðinni. Sinni stöðin sjúklingum sem ekki eru skráðir þar og upplýsingar þess efnis berast til Sjúkratrygginga Íslands er framkvæmd millifærsla frá heilsugæslustöðinni þar sem

¹² Einungis eru taldar spirometriur sem framkvæmdar eru á heilsugæslustöð.

sjúklingur er skráður og til þeirrar stöðvar sem veitir honum þjónustu. Árið 2021 nemur greiðslan 5.200 kr. á hverja komu. Sæki sjúklingur þjónustu á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðisinu myndast ekki frádráttur.

Sæki sjúklingur sem skráður er hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni (HUH) þjónustu hjá heilsugæslustöð bætast 5.200 kr. við greiðslur stöðvarinnar fyrir hverja komu berist upplýsingar um það úr afgreiðslukerfi stöðvarinnar til Sjúkratrygginga Íslands.

Sæki kona þjónustu heilsugæslu í **legghálsskimun** á annarri stöð en hún er skráð á er framkvæmd millifærsla frá heilsugæslustöðinni sem hún er skráð á og til þeirrar stöðvar sem veitir þjónustuna. Árið 2021 nemur greiðslan 3.000 kr. á hverja komu. Sæki kona þjónustu á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu myndast ekki frádráttur.

Tíðni greiðsluuppfærslu: Mánaðarleg.

Hlutfall fjárframlags: Áætlað hlutfall fjármagns er um 0,9%.

1.3 Fjármögnun sameiginlegs rekstrar

Fjármögnun heilsugæslustöðva er byggð á svokallaðri fjármögnun samkvæmt forskrift. Um er að ræða notkun fyrir fram skilgreindra skýribreyta sem hafa á einn eða annan hátt áhrif á framleiðni og eftirspurn í heilsugæslunni. **Rekstraraðila er heimilt að taka að hámarki 14% af fjárheimild hverrar stöðvar til sameiginlegs rekstrar yfirstjórnar, umsjón fjárreiðna og upplýsinga.**

2. Fylgiskjöl

2.1 Skipting fjárhæða í heilsugæsluþjónustu

Fjármögnunarlíkanið byggist á fjármagni til heilsugæsluþjónustu á landsbyggðinni samkvæmt fjárlögum ársins 2021 og fjárlagaliðum heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana **08-XXX-102**. Húsaleiga fellur utan líkans sem og sjúkraflutningar, heilbrigðisþjónusta við fanga, rekstur apóteka þar sem við á, heimahjúkrun og sérnámsstöðugildi lækna og hjúkrunarfræðinga. Hluti fjárveitingar Læknavaktarinnar í Reykjavík (08-507-120) fellur innan fjármögnunarlíkans heilsugæslu á landsbyggðinni.

Í eftirfarandi töflu má sjá heildarfjármagn til dreifingar á árinu 2021 og hvernig það skiptist á milli einstaka þátta fjármögnunarlíkansins.

Tafla 1: Heildarfjármagn til dreifingar

	Hlutfall	Fjárhæð á ári í m. kr.
Fast fjármagn		
Kostnaðarvísitala	33,2%	3.083,2
Þarfavísitala (ACG)	33,2%	3.083,2
Félagsþarfavísitala	0,8%	70,0
Sérstakar dreifileiðir fast fjármagns	17,8%	1.655,0
<i>Smæðar- og vaktarálag</i>	12,9%	1.200,0
<i>Rekstrarálag</i>	1,4%	130,0
<i>Slysa- og bráðamóttökuálag</i>	3,5%	325,0
Aðrar dreifileiðir fast fjármagns	6,3%	589,2
<i>Sálfræðiþjónusta</i>	1,9%	180,0
<i>Túlkaþjónusta</i>	0,3%	31,2
<i>Skólahjúkrun</i>	3,5%	325,0
<i>Hreyfiseðlar</i>	0,3%	32,0
<i>Leghálsskimanir</i>	0,2%	21,0
	91,2%	8.480,7
Breytilegt fjármagn		
Heilsueflandi móttökur	0,8%	73,5
Heilsuvera	0,5%	42,0
Náms- og starfsþjálfun	0,6%	52,5
Heimahjúkrun	0,0%	0,0
Aðrar vitjanir	0,6%	52,5
Lyfjaafstemming	0,2%	21,0
Önnur gæðaviðmið	1,8%	168,0
Hlutdeild veittrar þjónustu	3,5%	325,0
Aðrir skjólstæðingar	0,9%	85,0
	8,8%	819,5
	100,0%	9.300,2

2.2 Kostnaðarvísitala

Kostnaðarvísitalan byggist á kostnaðarvog og samskiptum við starfsmenn heilsugæslustöðva. Grunnur kostnaðarvogarinnar er viðtal hjúkrunarfræðings við barn á aldursbilinu frá fæðingu til fjögurra ára sem fær gildið 1. Viðtöl og vitjanir heilbrigðisstétta fá síðan hærri eða lægri gildi, allt eftir áætlaðri tímalengd og kostnaði.

Tafla 2: Kostnaðarvog

Aldurs- hópur	Viðtal								Vitjun						
	Hjúkrunar- fræðingar	Löju- þjálfari	Ljós- mæður	Læknar	Sál- fræðingar	Sjúkra- liðar	Sjúkra- þjálfarar	Viðtal- meðaltal	Hjúkrunar- fræðingar	Löju- þjálfari	Ljós- mæður	Læknar	Sjúkra- liðar	Sjúkra- þjálfarar	Vitjun - meðaltal
0-4	1,00	1,01	1,00	1,01	1,01	0,97	1,01	1,00	1,04	1,05	1,04	1,05	1,00	1,05	1,04
5-9	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
10-14	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
15-19	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
20-24	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
25-29	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
30-34	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
35-39	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
40-44	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
45-49	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
50-54	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
55-59	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
60-64	0,42	0,43	0,42	0,43	0,43	0,39	0,43	0,42	0,46	0,47	0,46	0,47	0,42	0,47	0,46
65-69	0,96	0,97	0,96	0,97	0,97	0,93	0,97	0,96	1,00	1,01	1,00	1,01	0,96	1,01	1,00
70-74	0,96	0,97	0,96	0,97	0,97	0,93	0,97	0,96	1,00	1,01	1,00	1,01	0,96	1,01	1,00
75-79	1,30	1,31	1,30	1,31	1,31	1,27	1,31	1,30	1,34	1,35	1,34	1,35	1,30	1,35	1,34
80-84	1,30	1,31	1,30	1,31	1,31	1,27	1,31	1,30	1,34	1,35	1,34	1,35	1,30	1,35	1,34
85+	1,30	1,31	1,30	1,31	1,31	1,27	1,31	1,30	1,34	1,35	1,34	1,35	1,30	1,35	1,34

Kostnaðarvísitala fyrir aldur og kyn er fundin með því að margfalda ofangreindar vigtir við fjölda samskipta á landsbyggðinni við starfsmenn heilsugæslustöðva árið 2019. Kostnaðarveginn fjöldi samskipta er síðan deilt með mannfjölda á landsbyggðinni í lok árs 2019. Upplýsingar um fjölda samskipta við starfsmenn heilsugæslustöðva eru unnar úr samskiptaskrá sem haldið er utan um hjá embætti landlæknis.

Kostnaðarvísitalan fyrir aldur og kyn er fasti í fjármagnslíkaninu og gildir fyrir árið 2021.

Tafla 3: Kostnaðarvísitala fyrir aldur og kyn

Aldur	KK	KVK	Aldur	KK	KVK	Aldur	KK	KVK
0	14,29	14,03	30	0,55	1,32	60	1,14	1,34
1	7,22	7,04	31	0,66	1,47	61	1,23	1,54
2	3,98	3,88	32	0,59	1,56	62	1,28	1,55
3	2,32	2,20	33	0,61	1,60	63	1,23	1,56
4	2,89	2,81	34	0,63	1,38	64	1,24	1,58
5	0,74	0,66	35	0,70	1,57	65	3,15	3,41
6	0,61	0,59	36	0,64	1,43	66	2,86	3,37
7	0,63	0,60	37	0,68	1,34	67	2,82	3,56
8	0,63	0,69	38	0,64	1,44	68	3,08	3,88
9	0,67	0,66	39	0,70	1,39	69	3,93	4,01
10	0,58	0,75	40	0,78	1,47	70	3,07	3,96
11	0,80	0,72	41	0,67	1,16	71	3,23	3,75
12	0,72	0,84	42	0,90	1,24	72	3,55	3,60
13	0,69	0,73	43	0,85	1,33	73	3,49	4,04
14	0,75	0,94	44	0,81	1,27	74	4,19	4,84
15	0,73	1,14	45	0,80	1,29	75	5,13	6,46
16	0,73	1,18	46	0,84	1,30	76	5,90	6,56
17	0,84	1,32	47	0,79	1,23	77	5,68	5,70
18	0,81	1,27	48	0,91	1,34	78	5,86	6,72
19	0,76	1,26	49	0,88	1,33	79	6,50	6,23
20	0,71	1,07	50	1,01	1,25	80	5,98	7,58
21	0,61	1,18	51	0,85	1,35	81	7,34	7,24
22	0,64	1,14	52	1,01	1,38	82	6,54	7,24
23	0,57	1,07	53	0,91	1,29	83	7,03	6,89
24	0,62	1,23	54	0,90	1,55	84	6,65	6,76
25	0,49	1,36	55	1,13	1,33	85+	6,85	7,37
26	0,54	1,28	56	0,99	1,44			
27	0,55	1,44	57	1,00	1,38			
28	0,54	1,51	58	1,11	1,43			
29	0,60	1,48	59	1,12	1,45			

2.3 Útreikningar á þarfavísitölu, áherslupætti og gæðaviðmiðum

Í fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslu, sem unnið hefur verið eftir síðan í ársbyrjun 2017 á höfuðborgarsvæðinu, er stuðst við aðferðafræði sem byggist á því að fjármagn til rekstrar hveðrar heilsugæslustöðvar endurspeglir þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Að beiðni heilbrigðisráðuneytisins sér embætti Landlæknis um að reikna út fyrir hverja heilsugæslustöð nokkra af þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar í hinu nýja fjármögnunarkerfi. Þessir þættir eru þyngdarstuðull, þarfavísitala og tiltekin gæðaviðmið.

Hér á eftir fer stutt lýsing á því hvað liggur að baki útreikningum, hvaða gögn eru notuð og hvernig þyngdarstuðull og afleidd þarfavísitala hveðrar heilsugæslustöðvar er nýtt í fjármögnunarkerfinu. Auk þess er fjallað um hvert gæðaviðmið fyrir sig.

2.3.1 Þyngdarstuðull og þarfavísitala

Samkvæmt fjármögnunarlíkani 2021 er 33,2% af heildarfjármagni til rekstrar heilsugæslustöðva skipt eftir mati á sjúkdómabyrði einstaklinga.

Mat á sjúkdómabyrði einstaklinga, ACG flokkun

ACG (*Adjusted Clinical Group*) flokkunarkerfið flokkar einstaklinga eftir sjúkdómabyrði þeirra. Sjúkdómabyrðin er metin út frá aldri, kyni og þeim sjúkdómum sem einstaklingur hefur verið greindur með á tilteknu tímabili. Einstaklingarnir veiga misþungt í flokkaranum eftir ólíkri samsetningu sjúkdómsgreininga.

Flokkunarkerfið og hugbúnaður til flokkunar var þróað af Johns Hopkins háskólanum í Baltimore í Bandaríkjunum og byggir á rannsóknum á sambandinu á milli sjúkdómabyrði og notkunar á heilbrigðisþjónustu. Kerfið er víða notað til grundvallar útteilingu fjármuna til heilsugæslu.

Gögn til flokkunar

Til þess að flokka einstaklinga samkvæmt ACG flokkunarkerfinu og meta sjúkdómabyrði þeirra eru notuð gögn úr einni af heilbrigðisskrám landlæknis, samskiptaskrá heilsugæslu. Í skrána berast gögn um samskipti frá öllum heilsugæslustöðvum landsins í samræmi við fyrirmæli landlæknis um lágmarksskráningu. Gögn frá heilsugæslustöðvum berast nú í rauntíma til embættisins.

ACG flokkarinn nýtir upplýsingar um sjúkdómsgreiningar (ICD-10) úr staðfestum samskiptaseðlum, sem skráðar hafa verið á einstaklinga síðustu 15 mánuði áður en útreikningar eru framkvæmdir. Til grundvallar ICD-10 greiningu einstaklinga verða að liggja fyrir samskipti heilsugæslustöðvar við einstaklinginn.

Ekki skiptir máli hvort greining er skráð einu sinni eða oftár á 15 mánaða tímabili eða hvort sjúkdómsgreiningin er skráð á þeirri heilsugæslustöð sem einstaklingurinn tilheyrir þegar útreikningur fer fram, eða annarri heilsugæslustöð á landinu. Þegar meira en 15 mánuðir eru frá síðustu skráningu sjúkdómsgreiningar tekur flokkarinn hana ekki lengur með í útreikninginn.

Miðað er við skráningu einstaklinga á heilsugæslustöðvar út frá upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands í lok hvers viðmiðunartíma. Ef einstaklingur flytur sig milli heilsugæslustöðva flytjast sjúkdómsgreiningar síðustu 15 mánaða með honum yfir á nýju stöðina.

Þyngdarstuðull, útkoma úr ACG flokkun

Reiknaður er ACG-stuðull fyrir hverja heilsugæslustöð og er hann byggður á meðaltali sjúkdómsbyrðar þeirra einstaklinga sem skráðir eru á stöðina. Þessi stuðull kallast þyngdarstuðull.

Þar sem stuðullinn byggir á þeim sjúkdómsgreiningum sem skráðar eru fyrir hvern einstakling sem tilheyrir viðkomandi heilsugæslustöð getur hann hækkað eða lækkað í samræmi við skráðar sjúkdómsgreiningar hvers tímabils. Því gefur þyngdarstuðull vísbendingu um breytingu á sjúkdómabyrði þeirra einstaklinga sem tilheyra hverri heilsugæslustöð.

Notkun þyngdarstuðuls í fjármögnunarkerfi

Áður en þyngdarstuðull heilsugæslustöðvar er notaður í fjármögnunarkerfi heilsugæslustöðva landsbyggðarinnar er hann jafnaður með þeim hætti að honum er deilt með meðaltalsstuðli allra stöðvanna og til verður þarfavísitala hvernar stöðvar.

Þyngdarstuðullinn er endurmetinn á mánaðarfresti og segir til um hversu hátt hlutfall fjármagns vegna þarfavísitölu er úthlutað á hverja stöð fyrir sig.

2.3.2 Gæðaviðmið og áhersluþáttur

Hluti af breytilegu fjármagni sem úthlutað er til heilsugæslustöðva fer eftir stöðu hvernar stöðvar samkvæmt tilteknum gæðaviðmiðum og einum tilteknum áhersluþætti.

Viðmiðin voru valin með hliðsjón af gæðaviðmiðum sem notuð hafa verið í Svíþjóð þar sem þetta kerfi hefur verið í notkun í nokkur ár og þau aðlöguð að íslenskum veruleika.

Gera má ráð fyrir því að gæðaviðmiðin geti breyst eftir því sem tíminn líður og eftir því hverjar áherslurnar eru hverju sinni. Árið 2020 kom inn í höfuðborgarlíkanið nýtt átaksverkefni um heilsueflandi móttökur. Einnig koma inn minniháttar breytingar á gæðaviðmiðum varðandi yfirferð lyfjalista. Þá koma inn nýir árgangar fyrir bólusetningar barna árlega. Átaksverkefnið um heilsueflandi móttökur vegur 0,8% af heildarfjármagni til heilsugæslustöðva, Heilsuvera vegur 0,5%, yfirferð lyfjalista 0,2% og öll önnur gæðaviðmið samanlagt 1,8%.

Gögn

Við útreikninga á gæðaviðmiðum eru sem fyrr nýtt gögn úr samskiptaskrá heilsugæslu. Að auki eru upplýsingar um bólusetningar teknar úr bólusetningarskrá. Listi yfir skráða einstaklinga á hverri heilsugæslustöð er sendur mánaðarlega frá Sjúkratryggingum Íslands og miðar við stöðu skráninga í lok hvers mánaðar.

Ekki skiptir máli á hvaða heilsugæslustöð skráning sjúkdómsgreininga og úrlausna fer fram, heldur fylgja sjúkdómsgreiningar og úrlausnir einstaklingunum yfir á þá stöð þar sem þeir eru skráðir á hverju viðmiðunartímabili.

Upplýsingar um mælingar berast af mælingarhluta allra samskiptaseðla. Upplýsingar um notkun á Heilsuveru byggja á tölfræði sem unnin er upp úr sjálfvirkri aðgerðaskrá þar sem ópersónugreinanlegar upplýsingar vistast við allar aðgerðir notenda.

Átaksverkefni: Heilsueflandi móttökur

Talinn er fjöldi einstaklinga 75 ára og eldri og einstaklinga með skráðar sjúkdómsgreiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum. Aldur einstaklinga er miðaður við síðasta dag þess tímabils sem verið er að meta.

Viðmiðunarhópur: 75 ára og eldri eða einstaklingar með virkar sjúkdómsgreiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista yfir ICD-10 sjúkdómsgreiningar):

- Sykursýki 2
- Háþrýstingur
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa
- Offita

Tímabil mælingar: 15 mánuðir

Áhersluþáttur: Heilsuvera

Forsendur þess að einstaklingur geti notað þjónustur Heilsuveru er að viðkomandi sé skráður á tiltekna heilsugæslustöð. Við útreikninga á gæðaviðmiðum vegna notkunar á Heilsuveru eru

tölfræðigögn sem unnin eru út frá aðgerðasögu notanda (log) í gagnagrunn Heilsuveru. Aðgerðir notanda í Heilsuveru eru flokkaðar niður á heilsugæslustöð viðkomandi. Talinn er fjöldi tímabókana sem notendur bóka á heilsugæslustöð, fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun og fjöldi samskipta sem notandi sendir á heilbrigðisstarfsmann í hverjum mánuði í gegnum Heilsuveru og dreifist fjármagnið hlutfallslega miðað við það.

Nánari afmörkun: Þriðjungur af fjármagni á mánaðargrundvelli er miðaður við fjölda tímabókana, þriðjungur er miðaður við fjölda beiðna um lyfjaendurnýjun og þriðjungur er miðaður við fjölda samskipta.

Viðmunarhópur: Á ekki við.

Tímabil mælingar: 1 mánuður.

Yfirferð lyfjalista hjá 60 ára og eldri einu sinni á ári

Talinn er fjöldi einstaklinga 60 ára og eldri sem farið hefur verið yfir lyfjalista hjá (úrlausnarkóði LYYF1) síðustu 12 mánuði. Aldur einstaklinga er miðaður við síðasta dag þess tímabils sem verið er að meta. Einstaklingur sem er orðinn 60 ára í lok hvers mánaðar er því tekinn með í útreikninginn fyrir þann mánuð þrátt fyrir að hafa ekki verið orðinn 60 ára þegar lyfjalistinn var yfirfarinn. Greiðslu vegna viðmiðsins er skipt niður í 12 mánaðargreiðslur. Ef farið er yfir lyfjalista einstaklings aftur innan 12 mánaða frá síðustu yfirferð þá endurnýjast tímabilið og greitt verður fyrir yfirferðina næstu 12 mánuðina. Yfirferð lyfjalista skal fara fram í viðtali við lækni á skráðri heilsugæslustöð viðkomandi sjúklings.

Nánari afmörkun: Úrlausnarkóði: LYYF1.

Viðmunarhópur: Allir einstaklingar 60 ára og eldri.

Tímabil mælingar: 12 mánuðir.

Önnur gæðaviðmið

1. Ávísun sýklalyfja til kvenna. Hlutfall Kínólona af sýklalyfjum sem almennt er ávísað vegna þvagfærasýkinga verði undir 10% ávísana. Notkun Ciprofloxacin verði minnkuð.

Talinn er fjöldi kvenna 18 ára og eldri með ávísanir á Kínolonar sem hlutfall allra ávísana á sýklalyf vegna þvagfærasýkinga meðal kvenna.

Nánari afmörkun: Kínolonar-sýklalyf: ATC kóðar: J01MA02 og J01MA06 sem skráð eru sem úrlausnir. Önnur sýklalyf vegna þvagfærasýkinga: ATC kóðar: J01CA08, J01EA01 eða J01XE01.

Viðmunarhópur: Allar konur 18 ára og eldri.

Tímabil mælingar: 1 mánuður (síðasti mánuður áður en útreikningar fara fram).

2. Skráðar inflúensubólusetningar þeirra sem tilheyra ákveðnum áhættuhópum

Talinn er fjöldi einstaklinga 60 ára og eldri og einstaklingar með skráðar sjúkdómsgreiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum sem fengið hafa inflúensubólusetningu, sem hlutfall af einstaklingum sem tilheyra þessum hópum.

Aldur einstaklinga er miðaður við síðasta dag þess tímabils sem verið er að meta. Einstaklingur sem er orðinn 60 ára í lok mánaðar er því tekinn með í útreikninginn fyrir þann mánuð þrátt fyrir að hafa ekki verið orðinn 60 ára þegar inflúensubólusetning var gefin.

Nánar afmörkun: Bólusetningar skráðar með ATC kóða: J07BB01, J07BB02 og J07BB03.

Viðmiðunarhópur: 60 ára og eldri eða einstaklingar með virkar sjúkdómsgreiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista yfir ICD-10 sjúkdómsgreiningar):

- Sykursýki
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa
- Astmi

Tímabil mælingar: 15 mánuðir.

3. Blóðþrýstingur skráður hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum

Talinn er fjöldi einstaklinga með skráðan blóðþrýsting og virkar ICD-10 greiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum sem hlutfall af heildarfjölda einstaklinga sem tilheyra þessum hópum.

Nánari afmörkun: Blóðþrýstingur skráður í þar til gerð hólf í mælingahluta samskiptaseðla.

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar með virkar ICD-10 greiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista):

- Sykursýki
- Háþrýstingur
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa

Tímabil mælingar: 15 mánuðir.

4. Reykingar skráðar hjá einstaklingum í ákveðnum áhættuhópum

Talinn er fjöldi einstaklinga þar sem skráð hefur verið að þeir hafi verið spurðir um reykingar og eru með virkar ICD-10 greiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum sem hlutfall af heildarfjölda einstaklinga sem tilheyra þessum hópum. Skráning reykinga er skoðuð út frá viðeigandi mælingu, úrlausnarkóða og sjúkdómsgreiningarkóða. Ef eitt eða fleiri þessara atriða eru skráð þá telst viðmiðið uppfyllt.

Nánar afmörkun: Reykingar skráðar í þar til gerð hólf í mælingahluta samskiptaseðla.

Úrlausnarkóði: WSPR1 .

Sjúkdómsgreining (ICD-10): F17 ásamt öllum undirflokkum.

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar með virkar ICD-10 greiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista):

- Sykursýki
- Háþrýstingssjúkdómar
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa

Tímabil mælingar: 15 mánuðir

5. BMI-stuðull skráður einstaklingum innan áhættuhópa

Talinn er fjöldi einstaklinga með skráða BMI-mælingu og virkar ICD-10 greiningar í tilteknum sjúkdómaflokkum sem hlutfall af heildarfjölda einstaklinga sem tilheyra þessum hópum.

Mæling: BMI-mæling skráð í þar til gerð hólf í mælingahluta samskiptaseðla.

Viðmiðunarhópar: Einstaklingar með virkar ICD-10 greiningar í eftirfarandi sjúkdómaflokkum (sjá meðfylgjandi lista):

- Sykursýki
- Háþrýstingur
- Blóðþurrðarhjartasjúkdómar
- Langvinn lungnateppa

Tímabil mælingar: 15 mánuðir.

6. Bólusetningar barna

Reiknað er hlutfall barna sem hafa fengið 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára bólusetningar.

Nánari afmörkun:

- 12 mánaða: Þrjú skammtar af bólusetningu gegn kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
- 18 mánaða: Einn skammtur af bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO).
- 4 ára: Einn skammtur af bólusetningu gegn barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix) eftir þriggja ára afmælisdaginn.

Viðmiðunarhópar:

- 12 mánaða: Fæðingarárangur sem verður 2 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2021 er það þá fæðingarárangur 2019).
- 18 mánaða: Fæðingarárangur sem verður 3 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2021 er það þá fæðingarárangur 2018).
- 4 ára: Fæðingarárangur sem verður 5 ára á árinu (fyrir útreikning árið 2021 er það þá fæðingarárangur 2016).

7. Gæðaviðmið: Spirometriur framkvæmdar á heilsugæslustöð

Talinn er fjöldi einstaklinga með skráðan úrlausnarkóðann spirometria.

Nánari afmörkun: Úrlausnarkóði = WQFJ3 - Spirometria

Viðmiðunarhópur: Einstaklingar skráðir á heilsugæslustöðina.

Tímabil mælingar: 36 mánuðir

Tafla 4: Sjúkdómaflokkar og ICD-10 kóðar

Sykursýki	Sykursýki 2	Háprýstingur	Blóðþurrðar- hjartasjúkdómar	Langvinn lungnateppa	Astmi	Offita		
E10	E12.5	E11	I10	I20	I24.1	J44	J45	E66
E10.0	E12.6	E11.0	I11	I20.0	I24.8	J44.0	J45.0	E66.0
E10.1	E12.7	E11.1	I11.0	I20.1	I24.9	J44.1	J45.1	E66.1
E10.2	E12.8	E11.2	I11.9	I20.8	I25	J44.8	J45.8	E66.2
E10.3	E12.9	E11.3	I12	I20.9	I25.0	J44.9	J45.9	E66.8
E10.4	E13	E11.4	I12.0	I21	I25.1		J46	E66.9
E10.5	E13.0	E11.5	I12.9	I21.0	I25.2			
E10.6	E13.1	E11.6	I13	I21.1	I25.3			
E10.7	E13.2	E11.7	I13.0	I21.2	I25.4			
E10.8	E13.3	E11.8	I13.1	I21.3	I25.5			
E10.9	E13.4	E11.9	I13.2	I21.4	I25.6			
E11	E13.5		I13.9	I21.9	I25.8			
E11.0	E13.6		I15	I22	I25.9			
E11.1	E13.7		I15.0	I22.0				
E11.2	E13.8		I15.1	I22.1				
E11.3	E13.9		I15.2	I22.8				
E11.4	E14		I15.8	I22.9				
E11.5	E14.0		I15.9	I23				
E11.6	E14.1			I23.0				
E11.7	E14.2			I23.1				
E11.8	E14.3			I23.2				
E11.9	E14.4			I23.3				
E12	E14.5			I23.4				
E12.0	E14.6			I23.5				
E12.1	E14.7			I23.6				
E12.2	E14.8			I23.8				
E12.3	E14.9			I24				
E12.4				I24.0				

2.4 Úrvinnsla gagna vegna félagsparfavitölu

Hlutfall eldri en 65 ára sem búa einir: Taldir eru þeir sem eru eldri en 65 ára í þjóðskrá og án skráðrar kennitölu maka.

Hlutfall barna yngri en fimm ára: Til þessa hóps teljast öll börn yngri en fimm ára samkvæmt þjóðskrá.

Hlutfall nýrra íbúa á síðasta ári: Til nýrra íbúa teljast þeir sem fluttu til Íslands fyrir minna en ári samkvæmt dagsetningu skráningar í þjóðskrá og eru ekki með íslenskt ríkisfang.

Hlutfall örorkulífeyrisþega: Þeir sem hafa stöðuna OROR samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Hlutfall atvinnulausra (16–64 ára): Hlutfall þeirra sem skráðir eru atvinnulausir að 75% hlutfalli eða hærra.

Hlutfall einstæðra foreldra (börn 0–17 ára): Þeir einstaklingar 18 ára og eldri sem skráðir eru ógiftir, ekkjur eða ekklar, skildir að borði og sæng eða skildir að lögum í þjóðskrá og án skráðrar kennitölu maka og eiga barn yngra en 18 ára.

Hlutfall fæddra erlendis (utan V-Evrópu og N-Ameríku): Til íbúa sem fæddir eru erlendis teljast þeir einstaklingar sem hafa skráðan fæðingarstað í Austur-Evrópu, Suður-Evrópu, Asíu, Afríku eða Suður-Ameríku.

2.5 Heilsueflandi móttökur

Vinnuhópur um umbætur á fjármögnunarlíkani heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu lagði til að átaksverkefni í samræmi við Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 yrði hluti af lýsingu fjármögnunarlíkansins árið 2020.

Markmið: Veita ákveðnum markhópum heildræna, framsækna og þverfaglega heilbrigðisþjónustu. Að styðja og styrkja eldra fólk til sjálfshjálpar auk þess að auðvelda aðgengi, samþættingu og samfellu viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Markhóparnir eru:

- Aldraðir einstaklingar og fjölskyldur þeirra.
- Einstaklingar með/eða í áhættu á að fá fjölþættan og/eða langvinnan heilsuvanda tengdum lifnaðarháttum.

Hugmyndafræði að baki þjónustu: Heildrænt mat á heilsufari og áhrifaþáttum á heilsu, lífsgæði og velsæld. Algengir ósmittæmir sjúkdómar svo sem offita, sykursýki 2, háþrýstingur, hjartasjúkdómar og langvinn lungnateppa hafa sterk tengsl við lifnaðarhætti eins og mataræði, hreyfingarleysi, tóbak, áfengisneyslu, álag og streitu. Svo að heilsugæsluþjónustan sé betur í stakk búin að takast á við þessi algengu vandamál heildrænt og þverfaglega, er mikilvægt að byggja upp með markvissum hætti teymisvinnu hjúkrunarfræðinga, lækna, hreyfistjóra, sálfræðinga og aðkomu næringarfræðings í allri heilsugæslunni á landinu.

Sú heilsuefling sem beinist sérstaklega að öldruðum snýst fyrst og fremst um færni bæði líkamlega og andlega. Áhersla er því lögð á greiningu og meðferð bylta og jafnvægistruflana hjá öldruðum svo og mat og meðferð minnkaðrar andlegrar færni.

Verkþættir í átaksverkefni 2021:

- Verkferlar um heilsueflandi móttökur verði komið fyrir á vef þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH). Innan ramma heilsueflandi móttaka eru sykursýkismóttökur sem þegar eru til staðar á sumum heilsugæslustöðvum svo og bylta og beinverndarmóttökur fyrir aldraða. Innleiðing verkferla verði unnin í samvinnu ÞÍH og stjórnenda heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva.
- Skráning sem styður við þverfaglega teymisvinnu þróuð í Sögu. Til að mynda hópásýn sem gæti kallast „heilsueflandi móttaka“ og „heilsuvernd aldraða“.
- Fræðsla til fagfólks um verkfærin í samráði við ÞÍH.
- Hver heilsugæslustöð setur sér markmið og áætlun.

- Unnið verði að þróun gæðavísa fyrir átaksverkefni í samráði við heilbrigðisráðuneytið, þróunarmiðstöðina og embætti landlæknis.

2.6 Skráning sjúkdómsgreininga í sjúkraskrá: Leiðbeiningar í tengslum við fjármögnunarkerfi heilsugæslu

2.6.1 Samantekt úr lögum, reglugerðum og fyrirmælum varðandi sjúkraskrá

Skráning í sjúkraskrá skal vera hnitmiðuð og kóðuð. Upplýsingar skulu skráðar jafnóðum og innan 24 klst. frá samskiptum. Skráning skal fylgja fyrirmælum í lögum og reglugerð um sjúkraskrár, fyrirmælum landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa sem og fyrirmælum landlæknis um lágmarksskráningu.

Samkvæmt kröfulýsingu vegna rekstrar heilsugæslupjónustu skal starfsfólk heilsugæslunnar skrá samkvæmt fyrirmælum landlæknis um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á læknastofum. Með samskiptum er átt við viðtal, vitjun eða símtal. Samskipti geta einnig verið rafræn í gegnum Heilsuveru. Móttaka og skráning læknabréfa eða annarra gagna flokkast ekki sem samskipti þar sem engin samskipti eiga sér stað við þann sem gögnin fjalla um. Fullnægjandi skráning tilefna, greininga og úrlausna er forsenda viðeigandi greiðsluþátttöku.

Skráðar sjúkdómsgreiningar eru undirstaða útreikninga á sjúkdómabyrði í fjármögnunarkerfi heilsugæslu. Skyld er að skrá sjúkdómsgreiningar skv. fyrirmælum landlæknis og skulu sjúkdómsgreiningar skráðar í samræmi við alþjóðlega flokkunarkerfið ICD-10 (Alþjóðleg tölfræði-flokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, 10. endurskoðun).

2.6.2 Hvaða sjúkdómsgreiningar skal skrá?

- Eingöngu sjúkdómsgreiningar sem skiptu máli í þeim samskiptum sem skráning tekur til.
- Greiningar allra sjúkdóma sem leiddu til rannsókna eða íhlutunar í samskiptunum
- Ef skráðar eru fleiri en ein greining verður alltaf að velja aðalgreiningu sem er höfð fremst
- Aðalgreining skal endurspeglar meginástæðu rannsókna og meðferðar
- Líggi sjúkdómsgreining ekki fyrir eða óvissa um greiningu mikil, skal velja mikilvægasta einkennið eða
- vandamálið t.d. úr R-kafla ICD-10

2.6.3 Hagnýt atriði

Allir heilbrigðisstarfsmenn sem koma beint að meðferð einstaklings geta skráð ICD-10 greiningu tengt veittri meðferð. Sé greining sjúkdóms ekki staðfest af viðeigandi fagaðila nýttast einkennagreiningar (R-kafla ICD-10).

Aðgerðin *Vandaliðun* í sjúkraskrárkerfinu Sögu, gerir mögulegt að tengja saman kóða svo sem greiningar, einkenni, skoðanir og úrlausnir í tilteknum samskiptum. Vandaliðun einfaldar eftirfylgd og úrvinnslu, t.d. flýtir hún fyrir þar sem vandaliðaðar greiningar koma sjálfkrafa inn við endurnýjun lyfseðla. Vandaliðun eykur þannig einnig gæði skráninga og öryggi sjúklinga.

Kóðaleitarglugginn opnast alltaf á *sjúklingakorti* en þar geymast allir kóðar sem áður hafa verið skráðir í heilsugæslunni fyrir valinn sjúkling. Til dæmis allar ICD-10 greiningar og úrlausnir o.s.frv. *Forsíða sjúklings* og *greiningaryfirlit* gefa gagnlegar upplýsingar varðandi langtíma greiningar, hvenær þær voru settar og hversu langt er síðan þeim var sinnt.¹³

2.7 Staðfangaskrá landsbyggðar

Allir sjúkratryggðir einstaklingar geta skráð sig á þá heilsugæslu sem þeir kjósa annað hvort með undirskrift á viðkomandi heilsugæslu eða á Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands. Þeir sjúkratryggðir einstaklingar sem eru óskráðir og eiga lögheimili á landsbyggðinni eru settir á heilsugæslu samkvæmt staðfangaskrá í töflu 5. Á höfuðborgarsvæðinu er skráin niður á götur og húsnúmer en á landsbyggðinni tekur hún mið af sveitarfélagi og póstnúmeri.

Tafla 5: Staðfangaskrá

Sveitarfélags- númer	Póstnúmer	Heilsugæsla	Starfsstöð/sel	Rekstrarnúmer
3000	300	Heilsugæslan Akranesi	<i>Akranes</i>	RA07-0718
3000	301	Heilsugæslan Akranesi	<i>Akranes</i>	RA07-0718
3511	301	Heilsugæslan Akranesi	<i>Akranes</i>	RA07-0718
6000	600	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6000	601	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6602	601	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6000	603	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6515	604	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6513	605	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6601	606	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6612	607	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6000	611	Heilsugæslan Akureyri	<i>Akureyri</i>	RA07-0734
6602	610	Heilsugæslan Akureyri	<i>Grenivík</i>	RA07-0787
6602	616	Heilsugæslan Akureyri	<i>Grenivík</i>	RA07-0787
5604	540	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Blönduós</i>	RA07-0731
5604	541	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Blönduós</i>	RA07-0731
5612	541	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Blönduós</i>	RA07-0731
5612	561	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Blönduós</i>	RA07-0731
5611	541	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Skagaströnd</i>	RA07-0790
5609	545	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Skagaströnd</i>	RA07-0790
5609	546	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Skagaströnd</i>	RA07-0790
5611	546	Heilsugæslan Blönduósi	<i>Skagaströnd</i>	RA07-0790
3609	310	Heilsugæslan Borgarnesi	<i>Borgarnes</i>	RA07-0719
3506	311	Heilsugæslan Borgarnesi	<i>Borgarnes</i>	RA07-0719

¹³ Vakin er athygli á að leiðbeiningar þessar eru stytta samantekt sem byggir á lögum og reglugerð um sjúkraskrá auk fyriræla landlæknis um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum sem allir heilbrigðisstarfsmenn sem skrá í sjúkraskrá þurfa að kunna skil á.

3609	311	Heilsugæslan Borgarnesi	<i>Borgarnes</i>	RA07-0719
3609	320	Heilsugæslan Borgarnesi	<i>Borgarnes</i>	RA07-0719
3713	342	Heilsugæslan Borgarnesi	<i>Borgarnes</i>	RA07-0719
3811	370	Heilsugæslan Búðardal	<i>Búðardalur</i>	RA07-0723
3811	371	Heilsugæslan Búðardal	<i>Búðardalur</i>	RA07-0723
4502	380	Heilsugæslan Búðardal	<i>Reykhólar</i>	RA07-0779
4502	381	Heilsugæslan Búðardal	<i>Reykhólar</i>	RA07-0779
6400	620	Heilsugæslan Dalvík	<i>Dalvík</i>	RA07-0735
6400	621	Heilsugæslan Dalvík	<i>Dalvík</i>	RA07-0735
6000	630	Heilsugæslan Dalvík	<i>Dalvík</i>	RA07-0735
7300	760	Heilsugæslan Djúpavogi	<i>Breiðdalsvík</i>	RA07-0795
7300	761	Heilsugæslan Djúpavogi	<i>Breiðdalsvík</i>	RA07-0795
7400	765	Heilsugæslan Djúpavogi	<i>Djúpivogur</i>	RA07-0747
7400	766	Heilsugæslan Djúpavogi	<i>Djúpivogur</i>	RA07-0747
7400	720	Heilsugæslan Egilsstöðum	<i>Borgarfjörður eystri</i>	RA07-0794
7400	721	Heilsugæslan Egilsstöðum	<i>Borgarfjörður eystri</i>	RA07-0794
7400	700	Heilsugæslan Egilsstöðum	<i>Egilsstaðir</i>	RA07-0742
7400	701	Heilsugæslan Egilsstöðum	<i>Egilsstaðir</i>	RA07-0742
7400	701	Heilsugæslan Egilsstöðum	<i>Egilsstaðir</i>	RA07-0742
7300	715	Heilsugæslan Egilsstöðum	<i>Egilsstaðir</i>	RA07-0742
6250	625	Heilsugæslan Fjallabyggð	<i>Ólafsfjörður</i>	RA07-0736
6250	626	Heilsugæslan Fjallabyggð	<i>Ólafsfjörður</i>	RA07-0736
5200	570	Heilsugæslan Fjallabyggð	<i>Siglufjörður</i>	RA07-0733
6250	580	Heilsugæslan Fjallabyggð	<i>Siglufjörður</i>	RA07-0733
6250	581	Heilsugæslan Fjallabyggð	<i>Siglufjörður</i>	RA07-0733
7300	735	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Eskifjörður</i>	RA07-0744
7300	736	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Eskifjörður</i>	RA07-0744
7300	750	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Fáskrúðsfjörður</i>	RA07-0746
7300	751	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Fáskrúðsfjörður</i>	RA07-0746
7300	730	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Reyðarfjörður</i>	RA07-0791
7300	731	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Reyðarfjörður</i>	RA07-0791
7300	755	Heilsugæslan Fjarðabyggð	<i>Stöðvarfjörður</i>	RA07-0792
2300	240	Heilsugæslan Grindavík	<i>Grindavík</i>	RA07-0716
2300	241	Heilsugæslan Grindavík	<i>Grindavík</i>	RA07-0716
4911	510	Heilsugæslan Hólmavík	<i>Hólmavík</i>	RA07-0729
4902	511	Heilsugæslan Hólmavík	<i>Hólmavík</i>	RA07-0729
4911	511	Heilsugæslan Hólmavík	<i>Hólmavík</i>	RA07-0729
4911	512	Heilsugæslan Hólmavík	<i>Hólmavík</i>	RA07-0729
4902	520	Heilsugæslan Hólmavík	<i>Hólmavík</i>	RA07-0729
4901	524	Heilsugæslan Hólmavík	<i>Hólmavík</i>	RA07-0729
6100	640	Heilsugæslan Húsavík	<i>Húsavík</i>	RA07-0737
6100	641	Heilsugæslan Húsavík	<i>Húsavík</i>	RA07-0737
6611	641	Heilsugæslan Húsavík	<i>Húsavík</i>	RA07-0737
6612	641	Heilsugæslan Húsavík	<i>Húsavík</i>	RA07-0737
6612	645	Heilsugæslan Húsavík	<i>Laugar</i>	RA07-0789
6612	650	Heilsugæslan Húsavík	<i>Laugar</i>	RA07-0789
6100	660	Heilsugæslan Húsavík	<i>Reykjahlíð</i>	RA07-0788
6607	660	Heilsugæslan Húsavík	<i>Reykjahlíð</i>	RA07-0788
7620	660	Heilsugæslan Húsavík	<i>Reykjahlíð</i>	RA07-0788
6100	670	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Kópasker</i>	RA07-0738
6100	671	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Kópasker</i>	RA07-0738
6100	675	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Raufarhöfn</i>	RA07-0739
6100	676	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Raufarhöfn</i>	RA07-0739
6706	676	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Þórshöfn</i>	RA07-0740
6709	680	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Þórshöfn</i>	RA07-0740
6706	681	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Þórshöfn</i>	RA07-0740
6709	681	Heilsugæslan Húsavík N-Pings	<i>Þórshöfn</i>	RA07-0740
5508	500	Heilsugæslan Hvammstanga	<i>Hvammstangi</i>	RA07-0730

5508	530	Heilsugæslan Hvammstanga	<i>Hvammstangi</i>	RA07-0730
5508	531	Heilsugæslan Hvammstanga	<i>Hvammstangi</i>	RA07-0730
8716	810	Heilsugæslan Hveragerði	<i>Hveragerði</i>	RA07-0751
8716	816	Heilsugæslan Hveragerði	<i>Hveragerði</i>	RA07-0751
7708	780	Heilsugæslan Höfn	<i>Höfn</i>	RA07-0748
7708	781	Heilsugæslan Höfn	<i>Höfn</i>	RA07-0748
7708	785	Heilsugæslan Höfn	<i>Höfn</i>	RA07-0748
4100	415	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Bolungarvík</i>	RA07-0725
4100	416	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Bolungarvík</i>	RA07-0725
4200	425	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Flateyri</i>	RA10-2872
4200	426	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Flateyri</i>	RA10-2872
4200	400	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Ísafjörður</i>	RA07-0724
4200	401	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Ísafjörður</i>	RA07-0724
4200	410	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Ísafjörður</i>	RA07-0724
4200	466	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Ísafjörður</i>	RA07-0724
4200	430	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Suðureyri</i>	RA07-0780
4200	431	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Suðureyri</i>	RA07-0780
4803	401	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Súðavík</i>	RA07-0783
4803	420	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Súðavík</i>	RA07-0783
4803	421	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Súðavík</i>	RA07-0783
4200	470	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Þingeyri</i>	RA07-0728
4200	471	Heilsugæslan Ísafirði	<i>Þingeyri</i>	RA07-0728
8509	880	Heilsugæslan Kirkjubæjarklaustri	<i>Kirkjubæjarklaustur</i>	RA07-0756
8509	881	Heilsugæslan Kirkjubæjarklaustri	<i>Kirkjubæjarklaustur</i>	RA07-0756
8710	801	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
8720	804	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
8719	805	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
8721	806	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
8721	840	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
8710	845	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
8710	846	Heilsugæslan Laugarási	<i>Laugarás</i>	RA07-0750
7300	740	Heilsugæslan Neskaupstað	<i>Neskaupstaður</i>	RA07-0745
7300	741	Heilsugæslan Neskaupstað	<i>Neskaupstaður</i>	RA07-0745
4607	465	Heilsugæslan Patreksfirði	<i>Bíldudalur</i>	RA07-0782
4607	466	Heilsugæslan Patreksfirði	<i>Bíldudalur</i>	RA07-0782
4607	450	Heilsugæslan Patreksfirði	<i>Patreksfjörður</i>	RA07-0727
4607	451	Heilsugæslan Patreksfirði	<i>Patreksfjörður</i>	RA07-0727
4604	460	Heilsugæslan Patreksfirði	<i>Tálknafjörður</i>	RA07-0781
4604	461	Heilsugæslan Patreksfirði	<i>Tálknafjörður</i>	RA07-0781
8614	850	Heilsugæslan Rangárþingi	<i>Hella</i>	RA07-0753
8610	851	Heilsugæslan Rangárþingi	<i>Hella</i>	RA07-0753
8614	851	Heilsugæslan Rangárþingi	<i>Hella</i>	RA07-0753
8613	860	Heilsugæslan Rangárþingi	<i>Hvolsvöllur</i>	RA07-0754
8613	861	Heilsugæslan Rangárþingi	<i>Hvolsvöllur</i>	RA07-0754
8614	861	Heilsugæslan Rangárþingi	<i>Hvolsvöllur</i>	RA07-0754
2000	230	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2000	233	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2000	235	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2510	245	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2510	246	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2510	250	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2510	251	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2000	260	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2000	262	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Reykjanesbær</i>	RA07-0715
2506	190	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Vogar</i>	RA07-0778
2506	191	Heilsugæslan Reykjanesbæ	<i>Vogar</i>	RA07-0778
5200	565	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Hofsós</i>	RA07-0759
5200	566	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Hofsós</i>	RA07-0759

5200	550	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Sauðárkrókur</i>	RA07-0732
5200	551	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Sauðárkrókur</i>	RA07-0732
5200	560	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Sauðárkrókur</i>	RA07-0732
5200	561	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Sauðárkrókur</i>	RA07-0732
5706	561	Heilsugæslan Sauðárkróki	<i>Sauðárkrókur</i>	RA07-0732
8200	800	Heilsugæslan Selfossi	<i>Selfoss</i>	RA07-0749
8200	801	Heilsugæslan Selfossi	<i>Selfoss</i>	RA07-0749
8722	803	Heilsugæslan Selfossi	<i>Selfoss</i>	RA07-0749
8200	820	Heilsugæslan Selfossi	<i>Selfoss</i>	RA07-0749
8200	825	Heilsugæslan Selfossi	<i>Selfoss</i>	RA07-0749
7400	710	Heilsugæslan Seyðisfirði	<i>Seyðisfjörður</i>	RA07-0743
7400	711	Heilsugæslan Seyðisfirði	<i>Seyðisfjörður</i>	RA07-0743
3709	350	Heilsugæslan Snæfellsnesi	<i>Grundarfjörður</i>	RA07-0721
3709	351	Heilsugæslan Snæfellsnesi	<i>Grundarfjörður</i>	RA07-0721
3714	355	Heilsugæslan Snæfellsnesi	<i>Ólafsvík</i>	RA07-0722
3714	356	Heilsugæslan Snæfellsnesi	<i>Ólafsvík</i>	RA07-0722
3714	360	Heilsugæslan Snæfellsnesi	<i>Ólafsvík</i>	RA07-0722
3710	340	Heilsugæslan Stykkishólmi	<i>Stykkishólmur</i>	RA07-0720
3711	340	Heilsugæslan Stykkishólmi	<i>Stykkishólmur</i>	RA07-0720
3711	341	Heilsugæslan Stykkishólmi	<i>Stykkishólmur</i>	RA07-0720
4502	345	Heilsugæslan Stykkishólmi	<i>Stykkishólmur</i>	RA07-0720
8000	900	Heilsugæslan Vestmannaeyjum	<i>Vestmannaeyjar</i>	RA07-0757
8000	902	Heilsugæslan Vestmannaeyjum	<i>Vestmannaeyjar</i>	RA07-0757
8508	870	Heilsugæslan Vík í Mýrdal	<i>Vík í Mýrdal</i>	RA07-0755
8508	871	Heilsugæslan Vík í Mýrdal	<i>Vík í Mýrdal</i>	RA07-0755
6709	685	Heilsugæslan Vopnafirði	<i>Vopnafjörður</i>	RA07-0741
6709	686	Heilsugæslan Vopnafirði	<i>Vopnafjörður</i>	RA07-0741
7502	690	Heilsugæslan Vopnafirði	<i>Vopnafjörður</i>	RA07-0741
7502	691	Heilsugæslan Vopnafirði	<i>Vopnafjörður</i>	RA07-0741
8717	815	Heilsugæslan Þorlákshöfn	<i>Þorlákshöfn</i>	RA07-0752
8717	816	Heilsugæslan Þorlákshöfn	<i>Þorlákshöfn</i>	RA07-0752

